

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Þriðjudaginn 8. mars 2005 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 8⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinum voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun.

Fyrir fundinum lá til annarrar umræðu tillaga að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og stofnana fyrir árið 2005. Nokkrar breytingar höfðu verið gerðar á áætluninni skv. ákvörðun fundar 24.

febrúar sl. Samkvæmt rekstraryfirliti er niðurstaða sveitarsjóðs er áætluð neikvæð um 1.029 þús. kr. án innri viðskipta og niðurstaða samstæðu án tillits til fjárfestinga er áætluð neikvæð um 10.173 þús. kr. Handbært fé frá rekstri er áætlað neikvætt um 4.600 þús.

Áætlun um fjárfestingar sem birtist í sjóðstreymi áætlunarinnar gerir ráð fyrir að fjárfestingar samstæðunnar verði samtals 43.810 þús. Samkvæmt áætluninni lækkar handbært fé um 69.110 þús.

Fjárhagsáætlunin var samþykkt.

2. Atvinnumál

a) Byggðakvóti.

Fyrir fundinum lágu umsóknir um byggðakvóta sem sveitarstjóri kynnti fyrir hreppsnefnd. Umsóknirnar voru ræddar án þess að afstaða væri tekin til þeirra að öðru leyti en því að sveitarstjóra var falið að skrifa bréf til þeirra sem ekki hafa að fullu staðið við löndun byggðakvóta ársins 2004. Jensína og Birna lýstu vanhæfi sínu til að fjalla um málið.

b) Leit að atvinnutækifærum.

Oddviti fór yfir vinnu ráðgjafa vegna leitar að atvinnutækifærum og greindi frá hvað hafi verið til skoðunar og hvaða valkosti geti verið um að ræða. Á fundinum var haft símasamband við ráðgjafann og farið yfir mál sem eru í vinnslu.

3. Önnur mál.

- a) Sveitarstjóri gerði stutta grein fyrir störfum undirbúningsnefndar um sorpeyðingu á Nl. vestra.
- b) Rætt var um tímasetningu á næsta borgarafundi og samþykkt að stefna að fundi í seinni hluta aprílmánaðar.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 11³⁰

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gígja Óskarsdóttir
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir

8. mars 2005